

# Siðareglur birgja

## Tilgangur og umfang

Siðareglur þessar gilda um birgja, þ.e. fyrirtæki eða einstaklingar sem Terra greiðir fyrir vöru, þjónustu eða verk. Siðareglur þessar eru settar með stoð í sjálfbærnistefnu Terra með markmið í umhverfis-, félagslegum- og stjórnarháttum, ásamt því að styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Terra hefur þar með skuldbundið sig til þess að starfa í samræmi við grundvallarviðmið sem snúa m.a. að umhverfismálum, mannréttindum og aðgerðum gegn spillingu. Heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu, sem tekur m.a. til ábyrga innkaupa, er eitt af kjarnamarkmiðum Terra.

Með siðareglum þessum vill Terra axla ábyrgð á sinni virðiskeðju og gerir Terra þá kröfur til birgja sinna að þeir fylgi þessum grundvallarviðmiðum og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Terra gerir þá kröfu að birgjar starfi samkvæmt gildandi lögum og reglum um starfsemi þeirra. Sé þess óskað gætu birgjar þurft að staðfesta að þessum siðareglum sé fylgt.

Terra hefur skilgreint eftirfarandi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem kjarnamarkmið og vill haga innkaupum sínum í samræmi við þau:

- Markmið 5: Jafnrétti kynjanna
- Markmið 9: Nýsköpun og uppbygging
- Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög
- Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum

## Terra leggur áherslu á og hvetur birgja til að:

### UMHVERFI / Betri umgengni við jörðina

- Þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og hafi stefnu um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Hafa skýr markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sinni starfsemi.
- Innleiða umhverfisstjórnunarkerfi.
- Flokka úrgang í samræmi við lög og bestu framkvæmd ásamt því að setja sér markmið um endurvinnsluhlutfall.

### FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR / Heilbriggt og öruggt starfsumhverfi

- Virða alþjóðleg mannréttindi og tryggja að vinna hjá birgja sé ekki af nauðung, þrælkun né að þar vinni börn undir lögaldri við störf sem eru hættuleg heilsu þeirra eða velferð.
- Virða kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks og starfi í samræmi við lög á vinnumarkaði á hverjum tíma m.t.t. hvíldar, lengd vinnutíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara.
- Starfsfólk fái jöfn tækifæri og kjör án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarrar stöðu.

- Fylgja jafnlauna- og jafnréttisstefnu.
- Einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og ofbeldi sé ekki liðin og hafi og vinni eftir viðbragðsáætlun gegn slíkri hegðun sem hefur verið kynnt starfsfólki.
- Tryggja að vinnuumhverfi starfsfólks sé heilsusamlegt og öruggt og unnið sé að stöðugum umbótum í öryggis- og heilsumálum starfsfólks.
- Gera allt sem í þeirra valdi stendur til að minnka slyshættu og neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks.

### STJÓRNARHÆTTIR / Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

- Starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og viðhafi viðurkennt siðferði í viðskiptum.
- Vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum, beint eða óbeint, í eigin þágu eða annarra.
- Forðast hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum og tilkynni Terra um mögulega hagsmunaárekstra.
- Innleiða gæðastjórnunarkerfi.
- Setja sér siðareglur og birta opinberlega.
- Setja sér sjálfbærnistefnu og birta opinberlega.

### **Viðbrögð við frávikum**

Terra ætlast til þess að birgjar sínir bregðist við með viðeigandi hætti fái þeir ábendingu um eða verði varir við eitthvað í starfsemi sinni sem telst fara í bága við ákvæði siðareglna þessara eða sambærilegra reglna. Alvarlegt brot gegn siðareglum þessum og/eða viðvarandi brot, án þess að bætt sér úr, leiðir til þess að viðskiptum við birginn verði hætt.

### **Ábyrgð**

Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og bera ábyrgð á að skapa aðstæður og vinnuumhverfi til að hrinda siðareglum þessum í framkvæmd. Allt starfsfólk skal kynna sér efni reglna þessara og framfylgja þeim. Forstjóri ber ábyrgð á siðareglunum og framkvæmdastjórn og innkaupastjóri tryggja eftirfylgni reglnanna.

Reglur þessar öðlast gildi við undirritun.

Þannig samþykkt af forstjóra Terra þann 8. febrúar 2024

---

Valgeir Baldursson, forstjóri